EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-7621

Rekstraraðili Fjallabyggð kt: 5807060880	**Tegund starfsemi** Úrgangur og efnamóttaka	**Starfsleyfisnúmer:** Á ekki við **Gildistími starfsleyfis** Á ekki við
Starfsstöð Siglufjörður	**Tegund eftirlits** Óreglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 28. ágúst 2026
Starfstöðvarnúmer: Á ekki við	**Eftirlitsmaður** Kjartan Guðmundsson	**Útgáfudagur skýrslu** 5. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Gísli Davíð Sævarsson	Sviðsstjóri skipulags og framkvæmda

Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu og varðar það starfsemi án starfsleyfis, þar sem úrgangur hefur verið urðaður í landfyllingu austan Tjarnargötu á Siglufirði án þess að starfsleyfi væri í gildi.

Umfang eftirlits

Fram fór óreglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn hjá Fjallabyggð, Siglufirði þann 28. ágúst 2026 vegna ábendingar um urðun úrgangs án starfsleyfis í landfyllingu austan Tjarnargötu á Siglufirði.

Stofnuninni barst ábending um urðun úrgangs án starfsleyfis þann 27. júní 2026 og óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu var framkvæmdin stöðvuð. Umhverfis- og orkustofnun og Fjallabyggð funduðu um málið þann 16. júlí 2026.

Eftirlitsaðili fór ásamt starfsmanni Fjallabyggðar um svæðið og staðfest var að við eftirlit hafði aðgengi að svæðinu verið takmarkað. Í landfyllingunni er mikið magn af ýmsum byggingarúrgangi, garðaúrgangi, úrgangi frá gatnaframkvæmdum, malbiki, járni og gleri og flísum. Búið er að slétta úr efninu og því er erfitt að áætla magn þess. Samkvæmt mælingu á loftmynd frá árinu 2025 er flatarmál landfyllingarinnar um 1.700 m^2. Varnargarður við svæðið hefur verið rofinn svo unnt sé að aka úrgangi inn á það og nær fyllingin út fyrir varnargarðinn og í sjó fram.

Að sögn starfsmanns Fjallabyggðar hefur urðunin hugsanlega staðið yfir allt frá árinu 2017 og hefur sveitarfélagið skort úrræði fyrir úrgang af þessu tagi. Á loftmynd frá árinu 2016 er ekkert efni komið á staðinn en unnið að nýjum varnargarði, og á loftmynd frá árinu 2019 er búið að rjúfa varnargarðinn.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	Frávik skráð: 28.8.2026 Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 7. gr. a og 8. gr. *Úrgangur hefur verið urðaður án starfsleyfis austan Tjarnargötu á Siglufirði.*	**Opið**

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.